

## TILLAGA

að breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, sbr. breytingu á kirkjuþingi 2013.  
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Elínborgu Gísladóttur, Guðbjörgu Arnardóttur, Guðmundi Þór Guðmundssyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur, Hreini Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margréti Snorradóttur, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur og Örnunni Grétarsdóttur.

Frsm. Guðrún Karls Helgudóttir

### 1. gr.

Fyrsta málsgrein í inngangi siðareglanna orðast svo:

Siðareglur þessar ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og starfsfólks í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana kirkjunnar auk annarra kjörinna fulltrúa og þeirra er valin hafa verið til trúnaðarstarfa. Þær eru ætlaðar til stuðnings og leiðbeiningar í þjónustu við Guð og menn.

### 2. gr.

Fyrsta málsgrein í almennum ákvæðum siðareglanna orðast svo:

Hver sá sem telur að vígður þjónn eða annar starfsmaður þjóðkirkjunnar hafi brotið framangreindar siðareglur getur leitað til fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota, biskups Íslands eða kært eftir atvikum.

### *Athugasemdir við tillögu þessa.*

Með breytingu á inngangi siðareglna þjóðkirkjunnar er leitast við að tryggja að þessar reglur nái einnig til kjörinna fulltrúa s.s. kirkjuþings- og kirkjuráðsfulltrúa og þeirra sem valin eða kosin eru til trúnaðarstarfa í nefndum og ráðum kirkjunnar.

Frá því breyting á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi árið 2013 hafa þeir, sem telja að á sér hafi verið brotið, getað leitað til biskups Íslands eða kært eftir atvikum. Auk þess hafa þeir sem telja á sér brotið kynferðislega getað leitað til fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota. Því er við hæfi að bæta þeim möguleika í þessar siðareglur svo það sé alveg skýrt að það úrræði standi til boða. Þá er ekki ólíklegt að eftir endurskoðun starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009, með síðari breytingu, að fagráðið muni taka að sér mál er snúa að fleiri brotum en einungis kynferðisbrotum.